



272. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 17. janúar 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrés�on, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Jón Finnbogason og Þórey Edda Elísdóttir.

#### Dagskrá:

Forseti setti fundi og hóf hann á því að óska fundarmönnum gleðilegs árs.

#### 1. Ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála

Viðar Garðarsson lagði fram samantekt frá vinnuhópi ráðstefnunnar um helstu niðurstöður svara þeirra fjögurra spurninga sem lagðar voru fyrir þátttakendur á ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála, sem fram fór 16. nóvember sl.

Almennar umræður urðu um næstu skref. Samþykkt að taka málið aftur til umfjöllunar á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

#### 2. Ólympísk málefni

Örn Andrés�on formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí lagði fram tillögu sviðsins um þátttakendur í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Sarajevo og A-Sarajevo 9. – 16. febrúar nk. Stuðst var við tilnefningar frá Skíðasambandi Íslands og Skautasambandi Íslands.

Samþykkt að íslenski hópurinn verði eftirfarandi:

##### Alpagreinar:

Aðalbjörg Lillý Hauksdóttir	Keppandi
Andri Gunnar Axelsson	Keppandi
Aron Máni Sverrisson	Keppandi
Guðfinna Eir Þorleifsdóttir	Keppandi
Helga Björk Árnadóttir	Þjálfari
Magnús Finnsson	Flokksstjóri og þjálfari

##### Snjóbreitti:

Baldur Vilhelmsson	Keppandi
Birkir Þór Arason	Keppandi
Bjarki Arnarsson	Keppandi
Kolbeinn Þór Finnsson	Keppandi
Einar Rafn Stefánsson	Flokksstjóri og þjálfari

##### Listskautar:

Marta María Jóhannsdóttir	Keppandi
Darja Zajcenko	Flokksstjóri og þjálfari
María Fortescue	Dómari

##### Skíðaganga:

Egill Bjarni Gíslason	Keppandi
Fanney Rún Stefánsdóttir	Keppandi
Jakob Daníelsson	Keppandi
Kolfinna Íris Rúnarsdóttir	Keppandi
Vadim Gusev	Flokksstjóri og þjálfari
Tormod Vatten	Þjálfari

Í fararstjórn á vegum ÍSÍ verða Örvar Ólafsson fararstjóri og Mundína Ásdís Kristinsdóttir sjúkraþjálfari. Fundur verður haldinn í næstu viku með keppendum og aðstandendum þeirra.

Örn fór yfir stöðu mála varðandi önnur ólympísk verkefni sem framundan eru. Óskað hefur verið eftir boðssæti (Wild Card) fyrir einn í skotíþróttum (skeet) á Evrópuleikunum í Minsk í sumar. Ákvörðun mun liggja fyrir á vormánuðum.

### 3. Fagsvið ÍSÍ

*Þráinn Hafsteinsson* formaður Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ fór yfir stöðu verkefna hjá sviðinu. Búið er að velja fimm afreksþjálfara í samnorrænt fræðsluverkefni. Það eru þau Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir SSÍ, Finnur Freyr Stefánsson KKÍ, Haukur Már Ólafsson GSÍ, Hermann Þór Haraldsson ÍF og Jón Gunnlaugur Viggósson HSÍ.

ÍSÍ, ásamt ÍBR, Reykjavíkurborg, UMFÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Háskólanum í Reykjavík standa sameiginlega að ráðstefnu um íþróttir og ofbeldi, miðvikudaginn 30. janúar nk. í húsnæði HR. Ráðstefnan er haldin í tengslum við RIG-Reykjavíkurlaikana.

Verið er að undirbúa leiðtogamenntun, bæði fyrir starfsmenn sérsambanda og sjálfboðaliða í stjórnnum félaga. Útbúið hefur verið fræðslumyndband í samstarfi við KSÍ varðandi höfuðhögg í íþróttum. Súpufundur verður um málefnið í höfuðstöðvum KSÍ þann 6. febrúar nk.

Fagráð Þróunar- og fræðsluviðs hefur ákveðið að endurskoða stefnu ÍSÍ um þjálfaramenntun fyrir Íþróttahótel ÍSÍ og unnið er að undirbúningi endurskoðunar á þjálfaramenntun ÍSÍ.

Fyrirmyndarfélög ÍSÍ eru að endurskoða jafnréttisáætlanir sínar í takt við leiðbeiningar ÍSÍ og Jafnréttisstofu. Sex íþróttahéruð eru í umsóknarferli um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

*Garðar Svansson* formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir stöðu verkefna sviðsins. Búið er að skila inn umsókn um Íþróttaviku Evrópu 2019. Lífshlaupið verður sett 6. febrúar nk. í Breiðholtsskóla. Kvennahlaupið verður 15. júní nk. og er búið að panta bæði boli og verðlaunapeninga. Fyrir liggur handrit og kostnaðaráætlun vegna gerðar heimildarmyndar um Kvennahlaupið í tilefni af 30 ára afmælis hlaupsins. Búið er að sækja um styrk úr Ólympíusamhjálpinni vegna myndarinnar.

### 4. Fjárhagslegar upplýsingar

Framkvæmdastjóri fór yfir 11 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

### 5. Ríkisstyrkur sérsambanda

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 6. Útbreiðslustyrkur ÍSÍ

Framkvæmdastjóri lagði fram endanlega skiptingu á útbreiðslustyrk til íþróttahéraða ÍSÍ vegna ársins 2018. Samþykkt samhljóða.

### 7. Umsýslukostnaður vegna sjóða ÍSÍ

Rætt um umsýslukostnað vegna sjóða ÍSÍ, skv. heimildum samninga um viðkomandi sjóði. Samþykkt að nýta þær heimildir og halda eftir eftirfarandi upphæðum af framlögum ríkisins:

Tryggingabótasjóður ÍSÍ kr. 5.000.000,-

Ferðasjóður íþróttafélaga kr. 3.000.000,-

Afrekssjóður ÍSÍ kr. 3.000.000,-

Jafnframt er tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um ráðstöfunarfé til sjóðsins skv. fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ frá fundi sjóðsins fyrr í dag samþykkt, þ.e. 10 milljónir króna vegna þjónustu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ við sjóðinn.

## 8. Íþróttaping ÍSÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir lykildagsetningar í undirbúningi fyrir Íþróttaping ÍSÍ sem haldið verður dagana 3.-4. maí nk. Sjö sæti í stjórn ÍSÍ verða til kjörs að þessu sinni, til fjögurra ára. Fyrirhugað er að halda vinnufund stjórnar vegna undirbúnings fyrir þing.

## 9. Nordic Meeting 2019

Nordic Meeting 2019 verður haldinn á Íslandi að þessu sinni, dagana 13. - 14. september nk. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að bóka Hótel Örk fyrir fundinn. Norrænu íþróttasamböndin fyrir íþróttir fatlaðra munu funda á sama tíma og verður fundur þeirra einnig haldinn á Örkinni. Undirbúningsfundur verður haldinn í Kaupmannahöfn í maímánuði.

## 10. Samningur við Air Iceland Connect

Forseti fór yfir drög að samningi við Air Iceland Connect um afslátt á fargjöldum innanlands. Samningurinn felur í sér 5% hækkun á fargjöldum en fyrirkomulag varðandi bókun og afgreiðslu er óbreytt frá fyrri samningi. Samþykkt að undirrita samninginn á morgun.

## 11. Tilnefningar í undanþágunefnd og lyfjaeftirlitsnefnd Lyfjaeftirlits Íslands

Frestað til næsta fundar.

## 12. Sambóíþróttin

Frestað til næsta fundar.

## 13. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála varðandi yfirlestur umsókna. Stefnt er að úthlutun í byrjun febrúar. Skrifstofustjóra gefin heimild til að leita eftir samþykki stjórnar á úthlutun úr sjóðnum með tölvupósti ef þannig ber undir á milli funda.

## 14. Heiðranir

Samþykkt var með tölvupósti að sæma Stefán Konráðsson framkvæmdastjóra Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna Heiðurskrossi ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþrotta á Íslandi. Tilkynt var um heiðursveitinguna í móttöku Stefáns á 60 ára afmæli hans en viðurkenningin verður afhent á Íþróttapingi ÍSÍ í vor.

## 15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 271. fundur framkvæmdastjórnar
- 17. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018 og 1. fundur framkvæmdaráðs 2019
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 11. janúar 2019
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 13. og 18. desember 2018 og 17. janúar 2019.

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs fór yfir tillögur Afrekssjóðs að úthlutunum til FSÍ, KKÍ og HSÍ, skv. fundargerðum frá 18. des. og 17. jan.

Eftirfarandi úthlutanir samþykktar:

- Handknattleikssamband Íslands, 60 m.kr.
- Skíðasamband Íslands, 16 m.kr.
- Íshökkísamband Íslands, 10 m.kr.
- Karatesamband Íslands, 6 m.kr.
- Fimleikasamband Íslands, 40 m.kr.
- Körfuknattleikssamband Íslands, 40 m.kr.

Ofangreindar styrkveitingar eru veittar með þeim fyrirvara að þær skulu endurskoðaðar þegar lokatillögur að styrkveitingar til allra sérsambanda liggja fyrir, fyrir árið 2019.

**16. Viðburðir framundan**

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að næstu fundir framkvæmdastjórnar verði 21. febrúar og 14. mars nk.

**18. Önnur mál**

***RIG – rafíþróttir***

Rætt um samstarf Rafíþróttasamtaka Íslands og ÍBR vegna tölvuleikjaviðburðar sem fyrirhugaður er í tengslum við RIG-Reykjavíkurlíkana. Varaforseti óskaði eftir því að ÍSÍ notaði orðið rafleikir í stað rafíþróttar í umfjöllun sinni í framtíðinni. Kannað verður hvort að þörf sé á að skipa vinnuhóp um málefnið innan ÍSÍ.

***Lög Glímufélags Reykjavíkur og Knattspyrnufélagsins Miðbæjar***

Lögð fram lagfærð lög Glímufélags Reykjavíkur og Knattspyrnufélagsins Miðbæjar en gerðar voru athugasemdir við lög félaganna við fyrsta yfirlestur laganefndar. Nú hafa lög þessara félaga verið lagfærð með hliðsjón af athugasemdum ÍSÍ. Lög beggja félaga staðfest.

***Breyting klukkunnar***

Rætt um greinargerðina „Staðartími á Íslandi – stöðumat og tillögur“ sem birt hefur verið í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Í greinargerðinni er skoðað hvort breyta eigi klukkunni á Íslandi. Breyting á klukkunni mun hafa áhrif á ýmsa þætti í starfi íþróttahreyfingarinnar, svo sem iðkun íþróttar í dagsbirtu o.fl. Fylgst verður með framvindu mála og umsögnum aðila í samráðsgáttinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari